

Bstj. 16. febrúar 2010

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttá, listnáms og frístunda barna og unglunga**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég mæli fyrir svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar:

Borgarstjórn samþykkir að ganga til viðræðna við íþróttafélög, æskulýðssamtök, tónlistar- og listaskóla og aðra aðila sem sinna uppbyggilegu frístundastarfi í Reykjavík.

Markmiðið viðræðnanna verði að lækka kostnað fjölskyldna og einfalda aðgengi að íþróttum, frístundum og listnámi. Þannig verði stefnt að almennari og meiri þátttöku á verði sem fleiri ráða við. Sérstaklega verði hugað að úrræðum þeirra sem búa við þröngan fjárhag heima fyrir. Í samvinnu við foreldra og forystu þeirra sem fyrir starfseminni standa verði horft til kostnaðar vegna æfingagjalda, fjölda æfinga og kennslustunda, hótíma í stað einkakennslu þar sem því verður við komið auk útgjalda vegna ýmis konar fatnaðar, búnaðar og ferðalaga. Í hverju hverfi og hverjum skóla verði jafnframt hugað að leiðum til að frístundir verði hluti af samfelldum skóladegi þannig að dregið verði úr þörf fyrir dýrt skul foreldra.

Tilvitnun lýkur.

Nánast samhljóða tillaga var flutt í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og hefur legið óhreyfð þar sem henni var vísað æ síðan. Samfylkingin hefur raunar alveg frá hruni og segja má lengur talað fyrir þessum áherslum og vakið máls á því seint og snemma hér í sölum borgarstjórnar, þegar um er að ræða þjónustu sem ýmis frjáls félagasamtök veita með stuðningi Reykjavíkurborgar, að það sé eitt af mikilvægum hlutverkum borgarinnar að tryggja aðgengi óháð efnahag að þessum gríðarlega mikilvægu þáttum í uppeldi og lífi hvers barns og fjölskyldu.

Nú er svo komið að það er búið að draga saman og skera niður hjá ýmsum af þessum aðilum og þeim þannig gert erfiðara að standa fyrir viðkomandi þjónustu. Að sama skapi er þrengra fyrir dyrum hjá heimilum að greiða ýmsan aukakostnað sem til fellur vegna æfinga eða listnáms og svo framvegis. Borgarstjórnarflokkur Samfylkingarinnar og sá sem hér stendur hefur verið að hitta forsvarsmenn íþróttafélaga og fjölmarga fleiri sem að koma að þessu málum á undanförunum vikum og heyrt af ýmsum mjög góðum hugmyndum og leiðum sem að félögin í Reykjavík og skólarnir hafa verið að velta upp og sumir hafa þegar hrint í framkvæmd til þess að gera fjölskyldum auðveldara að ná endum saman, en tryggja um leið hagsmuni og þátttöku barna sinna.

Bstj. 16. febrúar 2010

Tillagan sem hér er fram sett miðar að því að Reykjavíkurborg axli sína ábyrgð í þessu sem forystuafli með hag barna og fjölskyldna þeirra fyrir brjósti, þannig að á markvissan hátt megi skiptast á hugmyndum og bestu leiðum í þessu efni og tryggja þannig hag sem flestra barna. Það er líka augljóst að við fáum ekki bestu upplýsingar af vettvangi um áhyggjur félaga, foreldra sem varða málefni einstaklinga nema að setja þessi mál svolítið rækilega á dagskrá. Vegna þess að núna eru félögin sum hver, kannski ekki öll og skólarnir að leysa mál einstaklinga í ró og næði sem er prýðilegt, en það er spurning hvort að allir séu að gera það. Hvort að geti ekki verið staðreynd að fjölmargir foreldrar vita ekki af því að slíkar lausnir hafi verið í boði eða eru fyrir hendi og hvort við getum ekki gert betur ef allir leggjast á árarar og finni bestu lausnir.

Ein getur verið sú að gagnvart tilteknum árgöngum til dæmis þeim yngstu, verði skólinn og leiksvæði á skólalóðum í auknum mæli vettvangur fyrir þessa starfsemi og þannig slægjum við tvær flugur í einu höggi og drægjum úr hinu dýra skutli og tilheyrandi álagi á foreldra í leiðinni. Við þurfum svo jafnframt að setja á dagskrá sérstaklega hvað varðar unglíngarárgangana fjölda æfinga, mismunandi hugmyndafræði sem getur átt við þegar um afrekshópa er að ræða eða bara þátttöku í íþróttum og heilsueflingu, því að tilhneigingin með betri aðstöðu hefur verið sú að beina í raun öllum hópnum í mjög margar og þéttar æfingar yfir vikuna sem að ekki hentar öllum. Þannig að allar rannsóknir sem við höfum verið að gera á undanförunum árum sýna að það verður gríðarlegt brottfall í kringum 15 ára aldurinn. Að einhverju leyti er þetta eðlilegt þar sem að unglíngar eru í raun að velja sína hillu, sumir vilja forgangsraða og leggja allt kapp á tónlist, aðrir íþróttir, en svo getur líka verið að þetta framboð, þessi þjónusta, þetta mynstur henti einfaldlega ekki öllum og kannski færri en við mundum vilja að gætu sinnt íþróttum.

Og athuganir sem einstök íþróttafélög hafa verið að gera hjá sínum unglíngum í sínu hverfi styðja þessar áhyggjur. Til að mynda hefur það verið athugað meðal unglíngna hvað þeir telja hóflegt að hafa margar æfingar í viku og það er svolítið merkilegt að það eru færri æfingar heldur en félögin leggja upp og í staðin nefnir þetta ágæta unga fólk að þeir mundu gjarnan vilja verja einhverjum tíma með þjálfara sínum eða fullorðnu fólk og þessum félögum sínum utan æfinga, til

Bstj. 16. febrúar 2010

dæmis bara með því að fara saman í bíó eða eiga einhvers konar annars konar samverustundir.

Og til þess að gera langa sögu stutta, að þá fléttast hér saman mjög brýn samfélagsleg markmið sem lúta að jöfnuði og því að tryggja að kreppan verði ekki til þess að stórir hópar unglinga og æsku þessarar borgar hrekist úr mikilvægum frístundum, listnámi eða íþróttum. Þetta fléttast saman við ákveðið endurmat og endurskoðun sem getur verið eðlilegt að fara í gegnum, jafnvel þó að hrunið og kreppan hefðu ekki komið til, á því hvaða áherslu við höfum verið að leggja á undanförunum árum í síauknu mæli á hið ytra byrgði, að allir þurfi að leggja í kostnað við að eiga eigið hljóðfæri eða mörg sett af búningum eða mörg pör af skóm eða fara í margar dýrar keppnis- og æfingaferðir innanlands og utan sem eðlilegan og snaran þátt í þessu. Vegna þess að þetta var kannski hægt að fjármagna með ýmis konar fjáröflun fyrir nokkrum misserum en þar hefur líka þrengst fyrir dyrum núna, þannig að þetta er einfaldlega endurmat þar sem við þurfum að gera ákveðin greinarmun á öllu sem okkur langar og það sem við þurfum að tryggja. Og þannig getur líka verið hollt að fara yfir umbúnað barna og kennsluna og æfingarnar sem við erum að veita, læra af minni sveitarfélögum sem í sumum tilvikum hafa verið að ná miklu betri árangri varðandi breiða þátttöku fyrir jafnmikil fjárframlög eða jafnvel lægri á undanförunum árum, heldur en sjálf höfuðborgin hefur verið að veita.

Og til að draga saman að þá hnykkir mann örlítið við og það hryggir einfaldlega að borgarstjórn skuli ekki hafa tekið sjálfa sig á orðinu um leið og við fórum að hafa orð á þessu fyrir nær einu og hálfu ári síðan og höfum síðan ítrekað fylgt því eftir í smáu og stóru, og núna með ítrekuðum tillöguflutningi hér í borgarstjórn án þess að raunverulega sé brugðist við. Því að út í umhverfinu finnum við að það eru allir tilbúnir að fara í þetta samtal og þessa vinnu og það er alveg gríðarlega brýnt.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttá, listnáms og frístunda barna og unglinga**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að þakka Samfylkingunni fyrir ágæta tillögu og frummælanda fyrir fína yfirferð, bæði á tilgangi tillögunnar og líka á aðstæðunum í samfélaginu sem að hafa breyst og eru ekki bara af hinu slæma. En það skiptir gríðarlegu máli að öll börn hafi möguleika á að iðka tómsundir enda hafa þær jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks og forvarnagildi þeirra er óumdeilt. Til að tryggja að öll börn eigi raunverulega möguleika á að stunda tómsundir að vild verðum við að skoða hvað það er sem mögulega getur hamlað. Þrennt ber þar hæst og það þarfnast skoðunar. Í fyrsta lagi efnahagsaðstæður fjölskyldna og einstaklinga. Í öðru lagi aðgengi að tómsundum. Og í þriðja lagi möguleikar foreldra á þátttöku og stuðningi við börn sín. Ef við byrjum á efnahagsaðstæðum á heimilum, þá er alveg ljóst að tómsundir kosta peninga. Peningar eru víða af skornum skammti, en á sama tíma er ljóst að þau félög sem standa fyrir tómsundastarfi eru ekki með gróðasjónarmið að leiðarljósi. Innheimta þeirra félaga sem að standa fyrir frístundum eða bjóða upp á frístundir fyrir börn er aðeins til þess að standa undir nauðsynlegum kostnaði.

Ef Reykjavíkurborg vill stuðla að ódýrari tómsundum þá vakna upp áleitnar spurningar. Viljum við greiða stærri hluta tómsundastarfs úr okkar sameiginlegu sjóðum. Viljum við hækka framlögin til frístundakortsins og fara þar með í almennar aðgerðir til að lækka kostnað fólks vegna tómsunda barnanna sinna. Viljum við efla sértæk úrræði meðal annars að hækka heimild á greiðslur á velferðarsviði eða getum við stuðlað að ódýrari tómsundum með öðrum hætti, til dæmis með því að bjóða fram húsnæði borgarinnar undir starfsemi tónlistarskóla eftir hádegi eða með því að starfsfólk borgarinnar taki aukinn þátt í tómsundastarfi með börnum. Á borgin einhver tæki og tól, hljóðfæri eða myndlistastofur sem nýta mætti betur en nú er gert.

Ég hef í raun engin einföld svör við þessu, en tel að tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar sé til hins góða í þessum efnun. Það var tekin þverpólítísk ákvörðun um að hækka ekki frístundakortið að svo stöddu, en við Vinstri græn hefðum vel getað hugsað okkur hærri heimildargreiðslur. Á sama tíma þurfum við

Bstj. 16. febrúar 2010

að skoða hvort ekki megi nýta húsnæði borgarinnar betur. Grunnskólarnir koma óneitanlega upp í hugann, það er víða þröngt á þingi þar og grunnskólakennarar verða náttúrulega að hafa aðstöðu til þess að bæði undirbúa og skipuleggja nám og kennslu barnanna, en það getur vel verið að við getum fundið leiðir til þess að nýta það húsnæði mun betur. Í annan stað er aðgengi eitthvað sem hamlar mörgum börnum þátttöku í tómstundum. Það er misjafnt eftir hverfum og skólum hvernig aðgengi barna er. Sum börn geta gengið allra sinna ferða á meðan að áhugamál annarra krefjast flóknari samgönguhátta. Borgaryfirvöld hafa brugðist við á síðustu misserum með sérstökum fjárveitingum í þágu almenningssamgangna fyrir börn og endurbætur á gönguleiðum eru víða nauðsynlegar enda næsta ómögulegt fyrir börn að ferðast yfir mörg þeirra umferðamannvirkja sem borgin hefur að geyma.

Ég ætla alls ekki að tala gegn viðbrögðum borgarinnar síður en svo. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að betrubæta almenningssamgöngur í þágu barna. En það skýtur skökku við að það þurfi sérstakar viðbótar fjárveitingar til þess að kerfið geti þjónað börnum. Almenningssamgöngur eiga að sjálfsögðu að vera hannaðar með þarfir barna í huga ekki síður en hinna fullorðnu. Þetta er eitthvað sem við verðum að læra af og koma í veg fyrir að gerist aftur. Við verðum að tryggja það að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi þegar að skipulagðar eru almenningssamgöngur. Til dæmis er mjög mikilvægt að fulltrúar ungmennaráða í hverfum séu kallaðir að borðinu þegar að strætó ákveður að taka sitt kerfi næst til endurskoðunar. Að sama skapi er vont að borgaryfirvöld skuli vera með sérstakar aðgerðir til að greiða leið barna í íbúðahverfum.

Það er náttúrulega ekki hægt að umferðamannvirki séu þannig hönnuð að börn séu í hættu í sínum daglegu ferðum á milli skóla, frístunda og heimilis. Eftir á hannaðar göngubrýr eða önnur mannvirki í þá veru hljóta að vera barn síns tíma. Það er mikilvægt að sjónarmið barna séu höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku á vegum borgarinnar, ekki bara þegar kemur að leik eða grunnskólum eða íþróttum eða tómstundum, heldur ekki síður þegar ný hverfi eru skipulögð og umferðarflæðið er metið. Ég velti því til dæmis fyrir mér hvort eða þá á hvaða tímamarki þarfir barna hafa verið hafðar til hliðsjónar við ákvarðanir við hringtorg. Ég er fullorðin kona sem hef haft bílpróf í áratugi og mér finnst ennþá

Bstj. 16. febrúar 2010

flókið að aka inn og út úr hringtorgum. Mér finnst ekki síður flókið að reyna að komast fótgangandi meðfram þeim. Hvernig í ósköpunum á ég að útskýra fyrir grunnskólabarni hvað beri að varast og hvað beri ekki að varast þegar að farið er yfir að- og útkeyrslur úr hringtorgum. Hvenær er verið að stoppa fyrir bílum og hvenær er verið að stoppa fyrir fólki. Ég veit að ég er komin aðeins út fyrir efnið, en það er samt þannig að þessi atriði skipta máli. Við verðum að hafa þarfir barna að leiðarljósi þegar ný hverfi eru skipulögð. Vegna þess að svona hlutir geta hamlað þátttöku barna í tómsundum. Við verðum að taka heildarhagsmuni allra borgarbúa að borðinu þegar að við tökum ákvarðanir.

En í þriðja og síðasta lagi þá virðast möguleikar foreldra á þátttöku og stuðningi við börnin sín skipta mjög miklu máli og við vitum öll að aðstæður fólks eru misjafnar hvað það varðar. Það skiptir miklu máli á sama tíma og við virkjum foreldra til þátttöku sé tryggt að börn hinna sem ekki geta tekið þátt njóti sömu þjónustu og sömu tækifæra. Um þetta eru mýmörg dæmi. Fjáröflunarstarf er oft háð þátttöku foreldra og fleira í þeim dúr sem getur svo aftur leitt af sér að börn sem ekki fá stuðning foreldra til þess að sinna dósasöfnun þurfa að greiða meira fyrir æfingabúðir sem aftur verður til þess að þau komast ekki með. Það er nauðsynlegt að reyna að stoppa í allar þær glufur sem að verða til þess að börn hellast úr lestinni og tryggja að öll börn geti tekið þátt í því sem fram fer á þeirra áhugasviði.

En forseti áður en ég lýk máli mínu þá verð ég nú aðeins að minnst á frístundaheimilin og hlutverk þeirra í þessum efnum. Öllum börnum í 1.-4. bekk stendur til boða að taka þátt í starfi þeirra gegn litlu gjaldi og um það bil 70% allra barna í Reykjavík gera það á þessum aldri. Í frístundaheimilum er boðið upp á íþróttaskóla að minnsta kosti einu sinni í viku og starfsfólkið leggur sig svo fram um að tryggja fjölbreyttar tómsundir að öðru leyti. Á fyrstu árum frístundaheimilanna var gott samstarf við tónlistarskólana sem þá komu inn með svipuðum hætti og íþróttafélögin gera í dag, en það hefur nú verið lagt af. Ég tel einboðið að borgaryfirvöld beiti sér fyrir meira og formlegra samstarfi við fleiri aðila sem bjóða upp á frístundastörf með börnum og tryggi þannig að börnin fái viðkyrningu af fjölbreyttari frístundatilboðum. Sömu sögu er að segja um börn í

Bstj. 16. febrúar 2010

5.-7. bekk en borgin hefur ekki staðið sig sem skyldi í að þjónusta þau á sviði frístunda.

Að lokum ítreka ég þakkir mínar til fulltrúa Samfylkingarinnar og legg upp úr því að við leggjum okkar af mörkum til að stuðla að ódýrari tómsundatilboðum, tryggjum aukna áherslu á þarfir og hagsmuni barna við alla ákvarðanatöku á vegum borgarinnar, þar með talið við ákvarðanir við hringtorg. Leiðréttum þau mistök sem gerð hafa verið á sviði almenningssamgangna og samgönguskipulags og gætum að því að við skipulag á nýjum hverfum og leiðum geti börn komist klakklaust og óhrædd á milli staða.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

Bstj. 16. febrúar 2010

## 2. mál **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttta, listnáms og frístunda barna og unglina**

**Óskar Bergsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil í þessu sambandi vegna tillögu Samfylkingarinnar um að borgarstjórn samþykki að ganga til viðræðna við íþróttafélög, æskulýðssamtök, tónlista- og listaskóla og aðra aðila sem sinna uppbyggilegu frístundastarfi í Reykjavík, rifjar í raun og veru upp frístundakortið sem meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykktu hér með góðum stuðningi minnihlutans, á tíma fyrsta meirihluta þessa kjörtímabils. Og ég tel að þá hafi öll sú hugmyndafræði sem kemur fram í þeirri tillögu sem Samfylkingin flytur hér og í ræðu oddvita þeirra hafi í raun og veru verið fjallað um og farið yfir þegar frístundakortið var samþykkt á sínum tíma. Hún er sett fram á þeim tíma þegar að það var greinilegur munur, aðstöðumunur milli barna í borginni háð því í raun og veru efnahag foreldra hvort að börnin höfðu tök á því að sinna eðlilegu frístundastarfi í Reykjavík utan skólatíma.

Og það hefur lengi verið stefna Framsóknarflokksins í borginni að við reyndum að samþætta meira frístundanám almennu skólastarfi í borginni og þetta frístundakort er í raun og veru svona skref í þá átt. Það var tekið saman fyrir okkur hér árangur frístundakortsins á þessu kjörtímabili og það er gaman að geta farið yfir það hér í borgarstjórn hvað margt hefur gerst með jákvæðum hætti og breyst með jákvæðum hætti á þessu kjörtímabili þegar að kemur að frístundum grunnskólabarna og með hvaða hætti frístundakortin hafa orðið til þess að stöðugt fleiri börn hafa notið frístundanáms í borginni óháð efnahag foreldra. Nú við innleiðingu frístundakortsins þá var lögð sérstök áhersla á að nýtt styrkjakerfi leiði til aukins jafnaðar í aðgengi að frístundastarfi, að ekki verði óeðlilegar hækkningar á gjaldskrá eða öðrum kostnaði við þátttöku og fagleg gæði og ... starfsemi gjaldi ekki fyrir aukna þátttöku. Félag sem gerðust aðila að hinu nýja styrktarkerfi gerast aðilar að formlegum samningi þar sem skilyrði og gæðaviðmið eru útlustuð. Sérstakur stofnstyrkur var veittur til aðildarfélaganna og einnig er þeim greitt umsýslugjald vegna skráningar í kerfi kr. 250 fyrir hvern iðkanda.

Nú, meginskilyrði félaga sem gerast aðilar að frístundakortinu er að starfsemi sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin fer fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna og leiðbeinenda sem hæfir starfi með börnum

Bstj. 16. febrúar 2010

og unglíngum. Styrkhæf starfsemi þarf að vera 10 vikur samfellt hið minnsta. Upphaflega var styrkurinn 12 þús. kr. á haustönn 2007 en hækkaði síðan í 25 þús. kr. á barn á árinu 2008 og það er sú upphæð sem við erum ennþá að greiða til frístundakortsins hér úr borgarstjórninni. Það er ekki um beingreiðslur að ræða til forráðamann um að ræða heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku og æfingagjöldum, og ekki er heimilt að flytja styrkina á milli ára. Heimilt er að nýta styrkinn til niðurgreiðslu fleiri en einnar greinar, en þó ekki fleiri en þriggja á hverri önn. Annirnar eru vorönn 1. janúar til 31. maí, sumarönn 1. júní til 31. ágúst og haustönn sem er 1. september til 31. desember.

Öll skráning og umsýsla frístundakortsins fer fram með rafrænum hætti á rafrænu Reykjavík. Öll börn 6-18 ára sem skráð eru í starfsemi aðildarfélaganna fara í rafræna gagnaumsýslu frístundakortsins hvort sem þau nýta styrkinn eða ekki. Gagnagrunnurinn veitir þannig heildar upplýsingar um alla iðkun þessa aldurshóps. Hluti fjármagnsins sem ætlaður er til frístundakortsins er sérstaklega skilgreindur til að styrkja uppbyggingu samstarfsverkefna og forvarna í hverfum og bregðast við aðstæðum þar sem erfitt er að ná fram markmiðum þessum um jöfn tækifæri allra barna og unglínga. Með frístundakortinu má þannig greiða fyrir kostnað vegna sérstakra samstarfsverkefna eða námskeið í hverfum sem hafa það að markmiði að ná til ófélagsbundina barna og unglínga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi.

Og ef við skoðum í raun og veru yfirlitsmynd um þróun frístundakortsins á milli áráanna 2008 og 2009 þá erum við að sjá í rauninni aukningu á öllum sviðum. Fjöldi aðildarféлага hefur fjölgað úr 140 í 160. Fjöldi barna 6-18 ára sem nýta sér kortið, það er reyndar lækkun þar fyrirgefið þið. Fjöldi skráðra í skipulögðu frístundastarfi var 77% 2008 en er 83% núna og fjöldi þeirra sem ráðstafar frístundakortinu var 65% 2008 og er 71% núna. Og heildarfjöldi ráðstafana í kerfinu var rúmlega 17 þús. árið 2008 og er rúmlega 19 þús. á árinu 2009. Nú fjöldi þeirra sem ráðstafa 20-25 þús. kr. var 56% 2008 og 62% árið 2009. Frístundakortskerfið hefur gengið vel og í samræmi við upphaflega áætlun. Fáar villur hafa komið upp í kerfinu. Náið samráð hefur frá upphafi verið við félögin í borginni og ÍBR vegna innleiðingar frístundakortsins og útfærslu. Samskipti við

Bstj. 16. febrúar 2010

aðildarfélögin hafa gengið afar vel og voru þau nærri öll orðin sjálfbjarga. Aðstoð beinist í dag fyrst og fremst að nýjum félögum í kerfinu.

Mjög lítið hefur borið á því að félög hafi verið að hækka gjaldskrár umfram það sem eðlilegt getur talist. Mörg félög hafa hins vegar lagað skráningu í starfsemi og greiðslur þáttökugjalda að fyrirkomulagi frístundakortsins og uppgjör ÍTR við félögin vegna þess. Fáir foreldrar lenda orðið í vandræðum með skráningu en stuðningur þjónustuvers borgarinnar og rafrænu Reykjavíkur hefur nýst mjög vel. Tölfræðin sýnir vaxandi þátttöku í starfsemi félaganna og fleiri nýta niðurgreiðslurnar. Markvissar kynningar hafa verið á vefnum á starfstöðum ÍTR, í fjölmiðlum, í hverfisblöðum, í markpósti og með dreifingu upplýsingaefnis á heimili í borginni. Sérstakt átak var gert til að kynna frístundakortið meðal innflytjenda. Frístundakortið hefur frá upphafi verið sérstaklega auðkennt á vef borgarinnar og einnig á vefsíðum flestra aðildarfélaganna.

Nokkur dæmi eru um handvirka skráningu vegna skipta forræðis og greiðslu eru unnar handvirkt á skrifstofu ÍTR. Nokkur dæmi eru um óskir sem ekki hefur verið hægt að verða við, svo sem hægt sé að nota frístundakortið til að greiða fyrir ýmsan kostnað vegna þátttöku barna í frístundastarfi eða afþreyingu. Þar má nefna árskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, kostnað við að halda hest, sundkort, einkakennslu í tónlist og skíðakort. Þetta er verið að skoða og sjálfsagt að reyna að verða við því. Góð reynsla er af stuðningi við sérstök samstarfs verkefni í hverfum vegna ófélagsbundinna unglunga og unglunga í áhættuhópi. Áætluð þátttaka í hópastarfi af þessum toga frá upphafi er á milli 350-400 þátttakendur.

Í þessari samantekt þá kemur líka fram samanburður á milli árána 2007, 2008 og 2009, og þeir sem voru að nýta kortið fyrst árið 2007 voru um 50%, 65% árið 2008 og 71% árið 2009, þannig að það má sjá mjög greinilega í þessu að aukningin er veruleg. Og þegar að maður veltir fyrir sér þessari tillögu Samfylkingarinnar um þetta, um þetta aukna samtal við hagsmunaaðila í þessari grein að þá tel ég að miðað við þær upplýsingar sem við höfum undir höndum að það samtal eigi sér stað og við sjáum það bara best í þeim gögnum sem hér eru lögð fram að frístundakortið hefur verið að virka feiknalega vel og því ber náttúrulega að sjálfsögðu að fagna.

Bstj. 16. febrúar 2010

Það er erfitt að leggjast gegn tillögum sem mæla fyrir því að menn tali saman og reyni að komast að ásættanlegri niðurstöðu og þess vegna finnst mér í raun og veru eðlilegt að við tökum þá tillögu sem hér er til umfjöllunar og vísum henni inn í ÍTR til frekari skoðunar. Og ég held að menn og tillöguflytjendur ættu kannski að skoða betur gögnin sem snúa að frístundakortinu og þar sem hinn merkjanlegi árangur frístundakortsins kemur vel fram, þar sem ég tel að borgin og borgarstjórnarmeirihlutinn hafi verið að ná gríðarlega góðum árangri í því að efla frístundastarf í borginni og tölurnar sína það svo ekki verði um villst að við erum að ná miklum árangri í þessu sambandi. Þess vegna held ég að það sé eðlilegast og heppilegast að þessari tillögu sé í raun og veru vísað til ÍTR, þar sem tillöguflytjendur og aðrir geta kynnt sér þau gögn sem hér liggja fyrir og við getum síðan tekið málið upp á nýjan leik eftir að stjórn ÍTR hefur farið yfir málið.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu og hefur lagt til að tillögunni verði vísað til ÍTR. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

## 2. mál **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttar, listnáms og frístunda barna og unglunga**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Varðandi þessa tillögu þá get ég alveg tekið undir það með síðasta ræðumanni að henni verði vísað til íþróttar- og tómstundaráðs til frekari umfjöllunar og skoðunar, og get greint frá því að þessi mál eru nú þegar í skoðun hjá ráðinu. Og ég verð að segja að ég var svolítið hugsi yfir þeim vinnubrögðum að flytja þessa tillögu með þessum hætti sem hér hefur verið gert, því að nánast samhljóða tillaga var flutt af borgarfulltrúum Samfylkingarinnar við fjárhagsáætlun núna í desember síðastliðnum og þá var hún afgreidd þannig, að vísa henni til íþróttar- og tómstundaráðs þar sem að hún var tekin fyrir 12. janúar síðastliðinn eða fyrir mánuði, og þar var rætt um tillöguna og henni vísað til framkvæmdastjóra íþróttar- og tómstundaráðs til umsagnar. Og ég fékk þau svör frá honum bara síðast núna í dag að hún er þar í vinnslu og skoðun, bæði á vegum framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra. Þannig að ég er svolítið hugsi yfir því að menn skuli flytja hér tillögu fyrst í desember sem fær ákveðna afgreiðslu og síðan í rauninni áður en hún kemur úr vinnslu, þá er flutt aftur nánast samhljóða tillaga og að sjálfsögðu sendar fréttatilkynningar í blöð og annað til þess að vekja athygli á málinu.

Ég held að það sé alveg rétt að gera þetta að umtalsefni og fara aðeins yfir það í borgarstjórn hvernig við vinnum málin, með hvaða millibili eigi að flytja hér aftur tillögur og koma þeim á dagskrá í borgarstjórn með þessum hætti. En það er hins vegar sjálfsagt að ræða þessi mál og ég get bara upplýst frummælanda um það, að þessi mál eru að sjálfsögðu stöðugt í skoðun hjá íþróttar- og tómstundaráði og koma með einhverjum hætti til umfjöllunar held ég á hverjum einasta fundi ráðsins. Hér er auðvitað um mjög stóran málaflokk að ræða og ég tek algjörlega undir það með tillöguflytjanda að það er mjög brýnt samfélagslegt markmið að börn og unglingar hrekist ekki úr íþróttum eða öðrum uppbyggilegum tómstundum, sem betur fer er mikið framboð af í borginni.

Og ég held að allt kjörtímabilið og þá kannski einkanlega eftir kreppu þá hafi stór hluti af starfi þessa ráðs snúið að því að halda börnum í uppbyggilegum tómstundum og hvetja þau sem eru ekki í skipulegu tómstundastarfi til að finna sér þann farveg. Alveg eins og formaður borgarráðs borgarfulltrúinn Óskar

Bstj. 16. febrúar 2010

Bergsson kom inn á hér á undan mér, þá eru fjölmörg jákvæð teikn á lofti og tölur sem sýna okkur það að þátttaka barna og unglinga og rauninni alls almennings í uppbyggilegu og skipulegu tómsundastarfi er að aukast í borginni.

Það er ánægjulegt að Dagur Eggertsson borgarfulltrúi sé í góðu sambandi við forsvarsmenn Íþróttafélaga í borginni, það held ég að fleiri borgarfulltrúar séu, ég tel mig vera í þeim hópi og það er ánægjulegt að menn skuli vera í svona góðu sambandi, því að þá held ég að þeir viti það að það er að aukast aðsókn, það er að aukast þátttaka í flestum íþróttagreinum í borginni, ekki síst í barna- og unglिंगastarfinu. Einnig til dæmis í sundi þar sem sundgestum fjölgar um 20% á milli ára. Einnig á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins þar sem að ég held að aukningin hafi orðið eitthvað svipuð en verður kannski ekki eins mikil í ár ef það fer ekki að snjóa. En ég nefni sem dæmi að það bendir margt til að þátttaka í hlaupahópum er að aukast, bendi á að sá íþróttaviðburður sem á sér langa sögu í bænum Gamlárshlaup ÍR sem var hér þreytt á gamlársgangi og hófst hér fyrir utan Ráðhúsið, það var 40% aukning þátttakenda á milli ára. Þannig að ég held að það sé mjög margt á réttri leið í þessum málum, en tek alveg undir það að sjálfsögðu eigum við að setja markið hærra og stefna að því að fá enn fleiri inn í skipulagðar frístundir sem er rekið hér á vegum fjölmargra félaga og samtaka og svo borgarinnar sjálfrar.

Ég tek undir það að kannski mikilvirkasta aðgerðin á þessu kjörtímabili til að lækka kostnað fjölskyldna og einfalda aðgang að íþróttum, frístundum og listnámi hefur verið með frístundakortinu og Óskar Bergsson borgarfulltrúi fór yfir það mjög vel hér áðan hvernig það hefur verið þróað og nýtt á kjörtímabilinu. Og það verður að segjast eins og er að það voru ýmsir sem töldu að notkun frístundakortsins að hún yrði ekki eins almenn eins og hún hefur orðið eða að það mundi að minnsta kosti taka mörg ár að ná henni, en notkun þess hefur algjörlega á örskömmum tíma orðið mjög mikil, jafnvel þrátt fyrir að okkur hafi ekki tekist að standa við það markið að hækka styrkinn úr 25 í 40 þús. kr. eins og að var stefnt í upphafi.

Varðandi notkun frístundakortsins þá var mikil áhersla lögð á það af hendi borgarinnar að félögin væru ekki að hækka gjaldskrár, félögin notuðu ekki frístundakortið til að hækka gjaldskrár sínar umfram það sem eðlilegt gæti talist,

Bstj. 16. febrúar 2010

Það hefur verið fylgst með þessu. Þetta hefur tekist mjög vel og það hefur verið mjög góð samvinna við félögin. Í einhverjum tilvikum vöknudu grunsemdir um slíkt og þau mál voru bara leyst í góðu samkomulagi milli ÍTR og félaganna. Það segir sig bara sjálft að sú aukning sem hefur orðið á frístundakortinu til dæmis úr 50% í 71% milli árána 2007 og 2009 nýtingin. Það segir sína sögu um vinsældir þess. Nú, hins vegar er auðvitað frístundakortið mikilvæg breidd en hún er bara ein að breytunum í íþrótt- og frístundastarfinu og að sjálfsögðu þarf að horfa almennt til kostnaðar vegna æfingagjalda, fjölda æfinga, kostnað útgjalda vegna fatnaðar, búnaðar og ferðalaga. Þessi mál eru oft til umræðu í íþrótt- og tómsundaráði, þau eru oft til umræðu í íþróttafélögunum ekki síst á foreldrafundum í íþróttafélögunum.

Og ég held að ég geti sagt það, ég hef spurt forráðamenn íþróttafélaganna út í þetta og ég held að ég geti fullyrt það, að það hefur orðið mikil breyting á viðhorfi til slíkra hluta, kostnaðar í íþróttahreyfingunni. Ég held að það hafi mjög dregið úr áherslum á dýra búninga, á dýrar keppnisferðir, á allan kostnað og utanhald, og við megum heldur ekki gleyma því að þó að það sé hvergi skráð, þá eru fjölmargar óskráðar reglur ef svo má segja sem gilda í öllum íþróttafélögum í Reykjavík, þar sem menn leggja sig fram við það að gefa börnum og unglimum kost á að stunda íþróttir jafnvel þó að það séu ekki mikil fjárráð fyrir hendi. Frístundakortið á auðvitað að dekkja kostnað við æfingagjöld en ekki kostnað við föt og skófatnað og annað. En ég get sagt það og ég held að það viti allir sem koma nálægt íþróttastarfi í Reykjavík að þau mál eru leyst þá oft eins og borgarfulltrúinn sagði hér áðan þegjandi og hljóðalaust án þess að mikið beri á því, en þau eru leyst. Við vitum auðvitað fjölmörg dæmi þess að börn eiga kannski erfitt með að kaupa sér dýra æfingagalla, þessi mál eru leyst til dæmis á æfingum og keppni, þá útvegar félagið slíka búninga ef þá vantar.

Og svo vitum við það og mér finnst það eitt ótrúlegasta miðað við kreppuna en að þessu spyr ég stundum þegar að ég heimsæki íþróttafélögin; það er hvað mikið af óskilamunum fellur til hjá hverju íþróttafélagi og það er ennþá ótrúlega mikið sem fellur til, og hluti af óskilafatnaði hjá flestum ef ekki öllum félögum hann er einmitt notaður í þetta, hann er notaður fyrir þá sem að kannski einhverra hluta vegna eiga erfitt með að fata sig sjálfir, jafnvel þó að það fari einhver hluti í það,

Bstj. 16. febrúar 2010

Þá fellur það ekki til og íþróttafélög senda stóra farma á hverju ári af óskilafatnaði til nýtingar annars staðar.

Þetta er auðvitað það sem borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson gerði hér að umtalsefni áðan, þarna var meðal annars komið inn á svona skipulag íþróttahreyfingarinnar, skipulag í íþróttum almennt og það er alveg rétt, slíkar hugmyndir um skipulagsbreytingar að það þurfi að auka fjölbreytni í íþróttastarfi til að það svari kröfum fleiri heldur en það er að gera núna. Slíkar hugmyndir koma auðvitað oft fram. Það er alveg rétt sem borgarfulltrúinn benti á að stundum vilja unglingar færri æfingar en íþróttafélög leggja upp með, kvarta yfir því að íþróttir séu of einhæfar, það sé of mikil keppnisáhersla, séu of snemma byrjuð á keppni. Það má vel vera að það sé eitthvað til í þessu. Á fundum sem hafa verið haldnir í hverfum borgarinnar á vegum íþróttá- og tómstundaráðs og menntaráðs, þá hafa þessar raddir einnig komið fram og ég velti því fyrir mér og ég veit að sú umræða er í gangi í íþróttafélagunum og hefur verið í gangi á fundum þar sem menn hafa leitt saman hesta sína fulltrúar íþróttafélaganna og í íþróttá- og tómstundaráði um hvort að þetta sé rétt.

Hvort að það sé of mikil áhersla á það að börn skrái sig of ung í ákveðna íþróttagrein til dæmis fótbolta eða körfubolta eða eitthvað annað, svo séu komnar margar æfingar í viku eða kannski 2-3 æfingar í viku þetta sé orðið of mikið af þessu. Og þegar börn detta annað hvort út fljótt eða þegar kemur á unglingsár þá finnst þeim þetta ekki jafnspennandi og kannski of einhæft og detti þess vegna út. Og þá hefur verið bent á annað úrræði sem sumir hafa kallað sænska módelið, það er kannski ekki hægt að alhæfa um það, því að það er að minnsta kost í gildi í einhverjum borgum í Svíþjóð, þar sem íþróttafélög leggja áherslu á það að leggja áherslu á fjölbreytnina. Að kynna margar íþróttagreinar fyrir börnunum í stað þess að vera með einhæfni og líkara því konsepti sem íþróttaskóli barnanna hefur gengið út á hjá íþróttafélögum hér heima.

Ein skemmtilegasta nýjungin síðasta áratuginn eða svo í íþróttastarfi hefur verið íþróttaskóli barnanna sem flest íþróttafélög í Reykjavík bjóða uppá, þar sem börn á aldrinum 3-6 ára koma í íþróttafélag í sínu hverfi á laugardagsmorgnum yfirleitt með foreldrum sínum og þar er skemmtilegur leikur og íþróttagreinar kynntar í bland. Þetta hefur verið til 6 ára aldurs, þá er gert ráð fyrir því að börnin fari og

Bstj. 16. febrúar 2010

„finni sér“ sína íþróttagrein og það getur verið mjög erfitt fyrir 6 eða 7 ára barn að velja á milli knattspyrnu, körfuknattleiks, handknattleiks eða frjálsra íþróttanna eða annarra greina eða fimleika og stundum kemur þetta út í því, eins og hjá mínum börnum, að þau vilja helst skrá sig í 3 eða 4 greinar því að þau eiga svo erfitt með að gera upp á milli þeirra. Og þarna hef ég oft velt því fyrir mér og hef rætt um það við forsvarsmenn íþróttafélaga sem hafa sýnt þessu áhuga að koma til móts við þessa kröfur, hvort að það sé hægt að teygja á þessu, að íþróttæfingar sem við erum að bjóða 6-7 ára börnum upp á, að þær verði fjölbreyttari, verði kannski í þessari íþróttaskólamynd ef að svo má segja, að það verði sem sagt margar íþróttagreinar sem þau verði æfð í þá lengur en nú er, kannski fram til 10 jafnvel 12 ára aldurs jafnvel lengur.

Það er auðvitað ekki loku fyrir það skotið að ýmsir unglingar gætu alveg hugsað sér og fundist það miklu skemmtilegra að vera í reglulegum íþróttæfingum jafnvel nokkrum sinnum í viku, en þar væri fjölbreytnin ríkjandi og þarna væri jafnvel hægt að blanda saman kynjunum í íþróttastarfsemi þegar að ofar drægi. Það eru margir möguleikar til í þessu, en ég held að það sé erfitt að miðstýra þessari þróun úr einu Ráðhúsi eða einhverjum kontór. Ég held að þetta þurfi að ræðast áfram betur á vettvangi íþróttafélaganna. En ég get alveg séð fyrir mér að það íþróttafélag sem verður fyrst til þess að prófa þessa leið, að það uppskeri ríkulega og að þetta verði mjög vinsælt. Þetta getur að einhverju leyti orðið á kostnað keppnisíþróttanna vissulega, en eins og vitum að þá snúast íþróttir náttúrulega ekki um að sigra heldur fyrst og fremst það að vera með.

Síðan er auðvitað margt fleira sem við getum gert hér í íþróttamálum í borginni til þess að færa kynslóðirnar saman. Við þurfum að gera börnum og foreldrum það betur kleift að stunda íþróttir saman og það eru margar slíkar skemmtilegar tillögur sem liggja á okkar borðum og verða vonandi að veruleika til að nýt íþróttahúsin betur, skapa meira fjölskyldusport í kringum íþróttagreinarnar með sameiginlegum jafnvel fjölskyldutímum í íþróttahúsum, það hafa verið hugmyndir í gangi um svokallaða íþróttarólóa. Íþróttaróló er mjög skemmtileg hugmynd. Snýst um það að útiþrektæki sem hafa verið sett upp á nokkrum stöðum í borginni, þeim verði blandað meira saman við leikvelli eða róluvelli, þannig að fjölskyldur í öllum hverfum borgarinnar geti átt góða sameiginlega stund, farið

Bstj. 16. febrúar 2010

saman út á róló þar sem að er bæði hægt að iðka þrekþjálfun fyrir foreldrana og skemmtilega leiki fyrir börnin.

Eins og ég sagði þá er þetta mjög víðfeðmt umræðuefni og ekki skrítið þó að nokkrir þeir sem á undan mér töluðu að þeir hafi svolítið kannski farið út af brautinni og farið að tala hér um umferðarmál og hringtorg. Allt spinnst þetta saman með einhverjum hætti. En ég er hins vegar alveg sammála borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur um það að samgöngumál og almennar samgöngur eru stórmál þegar að við förum að tala um íþróttastarfsemi í borginni. Á fundum sem standa yfir í borginni um íþróttamál og menntamál, þá hafa þessi samgöngumál komið upp held ég á öllum fundum. Kjarnyrtar kvartanir borgarbúa yfir því að almennings samgöngukerfið okkar sé ekki að gegna hlutverki sínu nægilega vel og þurfi að virka betur ef að börn eiga að komast um borgina í íþrótt- og tólmundastarf.

Ég er alveg sammála þessum börnum. Ég held að kerfið okkar þurfi að virka betur. Ég held að þetta sé því miður enn ein staðfestingin á því að það kerfi sem var tekið hér upp árið 2005, sem sagt breytt leiðakerfi, það var alls ekki nógu gott og það voru mistök að taka upp nýtt kerfi á einni nóttu eins og þá var gert. Þrátt fyrir það að mjög gott starf hafi vissulega verið unnið í rauninni bara nokkrum vikum eftir að kerfið var tekið upp í að reyna að bæta úr verstu agnúunum. Þá er ég samt á því þrátt fyrir að kerfið sé ekki gamalt, að það þurfi sem fyrst að hefjast vinna við nýtt kerfi, nýtt kerfi almenningsgangna í Reykjavík þar sem þarfir barna og unglinga þyrftu að sjálfsgöðu að vera í öndvegi. Það var því miður alltof mikil áhersla lögð á það við smíði þessa kerfis að strætó, ég man ekki hvernig þetta var orðað, að strætó ætti að keyra eins og bíll en hugsa eins og lest, það var einhver enskur frasi um það. Og það var því miður of mikið dregið úr þjónustu strætó við hverfin og innan hverfa. Ég held að það verði sem fyrst að fara í endurskipulagningu á þessu kerfi þar sem verður að vera megin þungi á hagsmuni barna og unglinga og eldra fólks, fólks innan hverfanna, að líta til þess að strætó hefur hlutverki að gegna innan hverfanna. Og þessi endurskipulagning verður að hefjast sem fyrst og ég sé ekki fyrir mér að það verði nýtt kerfi tekið upp á einum degi eins og var gert fyrir 5 árum, heldur verði kerfið smá saman bætt, þetta verði um þróun að ræða.

Bstj. 16. febrúar 2010

Og kannski sé liður í því til þess að bæta samgöngurnar, þá var hér samþykkt tillaga við fjárhagsáætlun um frístundastrætó. Vinna við að útfæra þennan frístundastrætó eða þessar frístundasamgöngur stendur yfir og gengu vel og nú þegar hafa nokkur íþróttafélög tekið upp slíkar samgöngur. Þannig að í rauninni er bara um það að ræða að þau verða styrkt til þess að gegna því hlutverki, en ég geri mér vonir um að okkur takist enn eftir því sem við tókum upp frístundasamgöngur í þeim hverfum þar sem þær er ekki nú þegar að finna, þá eigi okkur enn eftir að takast að draga úr skutli og fjölga börnum í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi.

Það er líka alveg rétt hjá Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa að það er erfitt að fjalla um þessi mál án þess að fjalla um frístundaheimilin. Þetta er auðvitað stór málaflokkur og skiptir mjög miklu máli hvernig frístundaheimilin eru ofin saman við starfsemi íþróttafélaga og tónlistarskóla. Svona á heildina litið get ég sagt að það gengur vel í borginni við að samtvinna þessa starfsemi, það er auðvitað mikið verkefni eftir, en það hefur mikið starf verið unnið og það er auðvitað ákveðið starf eftir. En á síðasta fundi menntaráðs og íþróttá- og tómsundaráðs þá fór fram viðamikil kynning á íþróttá- og tómsundastarfi innan hverfanna og á starfi frístundaheimila, og hvernig hefur gengið að tvinna samfelldan skólalag saman við þá tómsundakosti sem er boðið upp á út í hverfinu, hvort sem það eru íþróttir, tónlistarskólar eða önnur æskulýðsstarfsemi og það var um viðamikla kynningu að ræða. En ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp bókun sem íþróttá- og tómsundaráð samþykkti einróma þegar að lokinni þessari umfjöllun og hún hljóðar svo:

Íþróttá- og tómsundaráð Reykjavíkur lýsir yfir ánægju sinni með þá miklu og árangursríku vinnu sem starfsfólk íþróttá- og tómsundasviðs, menntasviðs og framkvæmda- og eignasviðs borgarinn hefur innt af hendi á undanförunum árum við að bæta og samræma skóla- og frístundastarf í borginni. Með skýrri áherslu á lausnir, gott samstarf á milli sviða og þjónustulund gagnvart börnum hefur margvíslegum hindrunum verið rutt úr vegi fyrir metnaðarfulla uppbyggingu á þjónustu frístundaheimilanna. Mikil aðsókn á frístundaheimili ásamt jákvæðum niðurstöðum og þjónustukönnunum sýnir svo ekki verður um villst að mikil og almenn ánægja ríkir um starfsemi þeirra. Nýjungar eins og safnfrístund í Vesturbæ lofar góðu fyrir áframhaldandi þróun frístundaheimila. Átak hefur verið gert í húsnæðismálum frístundaheimila sem hefur skilað þeim árangri að húsnæðisaðstaða er víðast hvar góð eða vel viðunandi. Þrátt fyrir góðan árangur er ástæða til að setja markið hærra og stefna að enn frekari samþættingu skóla og frístunda barna meðal annars með ríkari samvinnu menntasviðs og íþróttá- og tómsundasviðs, og auknu samstarfi við íþróttafélög, önnur æskulýðssamtök og

Bstj. 16. febrúar 2010

tónlistarskóla. Í þessu skyni tekur íþróttá- og tómsundaráð heilshugar undir bréf framkvæmdastjóra ÍTR og fræðslustjóra frá 17. desember sl. þar sem fjallað er um ýmsar aðgerðir sem nú þegar hefur verið hrundið í framkvæmd ásamt hugmyndum sem miða að því að efla samstarf sviðanna enn frekar við rekstur frístundaheimila. Sem fyrr verður stefnt að samþættum vinnudegi skóla og frístundaheimila, þannig að skólastarf, hvíld, tómsundur, frístundaheimili, íþróttir og tónlist myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1.-4. bekk. Áhersla verður lögð á að leita leiða til að finna frístundastarfinu stað innan samfellds skóladags í stað þess að koma í lok vinnudags. Íþróttá- og tómsundasvið og menntasvið vinni sameiginlega að þessu markmiði.

Þannig hljóðaði sú bókun og ég var mjög ánægður með að það skyldi samstaða nást um þetta. Ég held nefnilega að við gerum okkur það stundum ekki ljóst hve mikið stórvirki hefur verið unnið í þessum málum hér í Reykjavík á síðustu 8 árum. Það var auðvitað meira en að segja það árið 2002 þegar að farið var út í tilraunaverkefni sem fólst í rekstri frístundaheimila í Breiðholti, að það var meira en að segja það þegar það var ákveðið með stuðningi allra flokka í borgarstjórn árið 2004 að bjóða upp á þessa þjónustu í öllum hverfum borgarinnar.

Það má nefnilega alveg halda því fram með rétti að borgin hafi verið á þeim tíma mjög vanmegnuð til þess að fara út í þessa miklu þjónustuaukningu á þessum tíma, bæði var eins og kom á daginn það var ekki búíð að hugsa það til enda hvernig ætti að manna öll þessi frístundaheimili á þessum tíma, þ.e.a.s. hálfan daginn og það var heldur ekki búíð að hugsa fyrir húsnæðisþörfum frístundaheimilanna eða við getum sagt að menn hafi verið búnir að sjá þetta fyrir að þetta yrði vandamál. En málið var bara það að það var svo mikið kallað eftir þessari þjónustu og það var svo mikil ánægja með þau frístundaheimili sem þá þegar var farið að bjóða upp á, að stjórnámálamenn á þessum tíma sameinuðust um það að horfa ekki á vandamálin heldur horfa á tækifærin sem í þessu fælust, ákváðu að bjóða upp á þessa þjónustu í öllum hverfum borgarinnar og reyna svo bara svolítið að leysa vandamálin á hverjum stað fyrir sig.

Það hefur vissulega ekki verið auðvelt á þessum 5-6 árum að gera það frá 2004, það hefur ekki verið auðvelt og við allir borgarfulltrúar hafa örugglega eins og ég tekið á móti mörgum kvörtunum um eitthvað sem mætti betur fara í þjónustunni, kvörtunum yfir húsnæði eða kvörtunum yfir að barn einhvers væri á biðlista. En starfsfólk eins og kemur fram í bókuninni starfsfólk ÍTR, menntasviðs og framkvæmdasviðs hefur unnið frábært starf við erfiðar aðstæður, mikill tími hefur

Bstj. 16. febrúar 2010

farið í að leysa vandamál fagsins og slökkva elda, en sjáum við að húsnæðismálin eru víðast hvar vel við unandi eða góð og biðlistarnir eru ekki fyrir hendi, það tókst í haust að leysa þau mál. Þannig að ég tel að mjög mikill árangur hafi náðst og nú getum við sett aukinn kraft í að koma í framkvæmd þessum, hvað eigum við að segja samofna skóladegi, koma þessari tómskundastarfsemi út í hverfin, koma henni betur saman við starfsemi skólanna og frístundaheimilanna, og það eru að sjálfsögðu mörg tækifæri í þeim efnunum.

Ekki síst kemur það inn á þessa tillögu sem var flutt hér fyrst um jólin og núna nokkuð í breyttri mynd. Sá andi sem er í rauninni í þeirri tillögu er í rauninni lykillinn að því að þetta takist vel, það er að okkur takist að koma á enn betra samstarfi á milli borgarinnar og stofnanna hennar, og svo þessara frjálsu félagasamtaka. Við sjáum að það er mjög gott samstarf í gegnum frístundakortið og við sjáum það þegar að við förum um borgina og tölum við forsvarsmenn þessara félaga að þeir eru allir jákvæðir, þeir vilja meira samstarf við borgina, þeir vilja efla æsku þessarar borgar og þeir vilja að sjálfsögðu efla eigin félög, og þeir hafa allir held ég áttað sig á því að þeir gera það best með góðu samstarfi við borgina. Og ég held að við borgarfulltrúar eigum að stuðla að því í okkar störfum að svo verði áfram.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttá, listnáms og frístunda barna og unglunga**

**Dofri Hermannsson:** Ágæti forseti og borgarfulltrúar. Mig langar að byrja aðeins á að fara yfir orð þess sem síðast talaði, borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar, af því að hann talaði og furðaði sig dálítið á því að þessi tillaga kæmi fram núna, en hefði þó verið flutt skömmu fyrir áramót, tekin fyrir í ÍTR í janúar og væri nú aftur trommað með hana upp hér. Þetta er ekki, forseti, mjög flókin tillaga og ég skil ekki að tillaga eins og þessi sem gengur einfaldlega út á það að húa þeim saman sem að málið varðar og biðja þá um að setjast í hring og finna upp á því hvernig þeir geti gert hlutina á ódýrari og betri hátt í ár, heldur en að þeir gerðu í fyrra. Ég skil ekki að þetta þurfi á einhvern hátt að fara fyrir ÍTR og fá síðan umsögn hins ágæta sviðsstjóra ÍTR, ég skil það bara ekki.

Þetta er bara einfalt verkefni, bara taka upp símann og hringja. Og þetta er ekki það flókin tillaga að það þurfi einhverja sérfræði umsögn um hana, hún gengur bara út á samstarf og annað hvort viljum við þetta samstarf eða ekki. Og ef við viljum það þá felum við bara einhverjum að hringja þessi símtöl, svo mætum við á fundinn og vinnum vinnuna. Þetta er einhvers konar svæfingarmeðferð. Það er eins og þessari tillögu hafi verið vísað inn á svefndeild ÍTR. Ég veit svo sem um fleiri tillögur sem hafa farið í svefn þar til dæmis ágæt tillaga um áttak um uppbyggilegt frístundastarf fyrir 16-25 ára í öllum helstu hverfum borgarinnar, sem að ég og borgarfulltrúi Marsibil Sæmundardóttir fluttum hér í fyrra þar hefði verið hægt að gera heilmikið fyrir 15 milljónir, það mál er enn í djúpsvefni í ÍTR. Annað mál sem að einhvern veginn stakk sig á þyrninum illræmda var frístundastrætó, það var tillaga sem var samþykkt hér 1. september sl. og það liðu rúmlega 2 mánuðir þangað til að hægt var að skipa í starfshópinn um það, þessi frístundastrætó gæti verið farinn að ganga núna ef að það hefði verið gengið í hlutina. En nóg um það, forseti, ég tók saman punkta og það er eins gott að halda sig við þá.

Okkar bíður það hlutverk að búa til betra líf á næsta ári úr því sem að við höfum. Það er krefjandi verkefni og þetta verkefni verður ekki leyst farsællega nema að við finnum nýjar leiðir til að gera hlutina. Við þurfum nýsköpun í stjórnun borgarinnar. Það hefur að mörgu leyti tekist vel í sparnaðaraðgerðum hjá

Bstj. 16. febrúar 2010

stofnunum og sviðum borgarinnar þar sem hugmyndum borgarstarfsmanna hefur jafnvel verið safnað saman kerfisbundið og þær notaðar til að gera góða hluti með ódýrari hætti en áður. Það hefur hins vegar vantað talsvert upp á að þetta hafi verið gert á öðrum mikilvægum sviðum og ekki síst þeim sviðum sem snerta mest uppeldi barna okkar, uppeldi, listnám og annað frístundastarf. Og það er slæmt, forseti, að á sama tíma og borgarstjóri og meirihlutinn treystir sér ágætlega til að tala við sviðsstjóra borgarinnar um snjallar leiðir til sparnaðar að það sama skuli ekki gilda um íþróttafélög, tónlistarskóla, frístundaaðila ýmis konar og reyndar Borgarleikhúsið, eins og frægt varð hér í haust. Þó að það geti verið óþægilegt að þurfa að flytja þessum aðilum fréttir um niðurskurð er heiðarlega að gera það strax en að fresta málinu láta fólk jafnvel halda að staðið verði við gerða samninga og láta fólk gera áætlanir út frá því, að ekki sé nú minnst á að það er heiðarlega gagnvart þeim sem að síðan eiga að nota þjónustuna.

Við umræður um fjárhagsáætlun, bæði haustið 2008 og eins síðastliðið haust 2009, töluðum við fulltrúar Samfylkingarinnar fyrir því að strax yrði kallað til samráðs við þessa aðila um breytta stöðu í fjármálum borgarinnar, einmitt með það í huga að finna nýjar leiðir til að bjóða barnafjölskyldum í Reykjavík upp á gott íþrótt-, lista- og tómsundastarf á viðráðanlegum kjörum. Eins og allir vita sem eiga börn í frístundum er kostnaðurinn talsverður umfram það sem frístundakortið dekkar, en það eru 25 þús. kr. eins og fram kom hér í máli borgarfulltrúa Óskars Bergssonar áðan. Það eru 25 þús. kr., en algeng æfingagjöld í íþróttum eru um 50 þús. kr. á ári og við það bætast síðan kaup á búningum sem eru misdýrir, ferðalög innanlands og jafnvel utan, og ekki síst skutl foreldra fram og aftur um borgina.

Ég veit ekki, forseti, hvort að þú hefur heyrt þessar tölur, mig minnir að við höfum rætt þær þó á fundi hér í þessum sal fyrir ekki alls löngu, en það eru farnar um 10 þúsund skutlferðir á dag, það eru 10 þúsund ferðir sem foreldrar í Reykjavík þurfa að skutla börnum sínum á hverjum einasta degi ef að maður miðar við útreikninga ríkisskattstjóra um það hvað kílómeterinn kostar eru þetta hátt í 6 milljónir á dag sem foreldrar eru að punga út fyrir það eitt að skutla börnunum sínum í frístundir eða um 2 milljarðar á ári og á sama tíma gengur strætó hálfþómur um hverfin. Þarna er sóun, góðir borgarfulltrúar, þarna er sóun sem að við á þessum tíma

Bstj. 16. febrúar 2010

verðum að útrýma og taka þessa peninga og reyna að nýta þá með betri hætti. Auðvitað er ég ekki að tala um að taka peningana sem að foreldrar eru að nýta heldur að bæta hag foreldra og barnafjölskyldna með því að þau þurfi ekki að skutla fyrir 2 milljarða á ári.

Og þarna langar mig til að koma inn á annað sem er jafnræði barna til frístundastarfs. Í ágætri ræðu borgarfulltrúa Óskars Bergssonar hér áðan um frístundakortið, þá kom hann inn á þá hugmynd hvernig hún þróaðist og það er rétt að frístundakortið hefur reynst vera nýsköpun og nýsköpun, sem að við held ég öll fögnum og finnst hafa tekist dálaglega til um framkvæmdina. Því ber þó ekki að neita að það veldur dálitlum áhyggjum að þeir sem að minnstar hafa tekjurnar, þær barnafjölskyldur sem minnstar hafa tekjurnar, virðast síst nýta frístundakortið. Og maður hlýtur að spyrja sig hvað veldur og eitt af því sem að strax kemur upp í hugann er annars vegar skutlið. Það hafa einfaldlega ekki öll börn einkabílstjóra í fjölskyldunni sem að getur skutlað þeim og svo hitt að íþróttirnar kosta talsvert meira heldur en æfingagjöldin ein. Og við þessar aðstæður kæru borgarfulltrúar þá er krafist nýsköpunarhugsunar af okkur.

Frístundastrætóinn sem ég nefndi hér áðan er ein slík hugmynd. Græn samgöngustefna í hverju hverfi kallast vel á við frístundastrætó í hverju hverfi. Og af því að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon minntist hér á frístundastrætó og slíka hluti áðan, þá er hægt að segja frá því og ánægjulegt að segja frá því að vinnan við að hanna leið 6 í Grafarvogi þannig að hún geti sinnt þörfum barna sem þurfa að komast til og frá frístundum innan hverfisins gengur ágætlega og vonandi getur sú leið byrjað að ganga strax í haust.

Íþróttaskóli er önnur hugmynd sem hefur líka kviknað í Grafarvogi og sá sem hér stendur hefur átt frumkvæði að að ræða við Fjölni um. Og af því að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon talaði um það áðan að það íþróttafélag sem verður fyrst á þessu sviði að bjóða lausnir, því verður ríkulega launað, þá held ég að það hljóti að verða íþróttafélagið Fjölnir. Því nú þegar eftir örfáa fundi hefur Fjölnir lagt fram tillögur eða allavega sýnt þeim sem hér stendur hugmyndir um það hvernig má bjóða á næsta vetri upp á íþróttaskóla fyrir 1., 2. og 3. bekk á skólalóð, þ.e.a.s. í íþróttahúsi hvers skóla í öllum átta grunnskólum hverfisins. Og íþróttafélagið hugsar það einfaldlega þannig að það ætlar að ráða þjálfara í nokkrum

Bstj. 16. febrúar 2010

lykilgreinum, einum átta greinum og hafa þá mánuð í senn í hverjum skóla og láta svo hringekjuna ganga á enda. Það er álit íþróttafélagsins Fjölnis að með því að hafa þetta fyrirkomulag megi bjóða upp á íþróttastarf, mjög vandað og gott íþróttastarf fyrir fyrstu þrjú árin á mun hagstæðari kjörum heldur en einstakar flokka íþróttir eru. Þannig að það er vissulega tilhlökkunarefni að sjá hvernig það mun ganga.

En þriðja atriðið, ef ég mætti biðja borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur og Oddnýju Sturludóttur um að hafa sinn fund frammi, ef það er ekki til of mikils mælst. Þriðja atriðið sem ég vildi nefna um nýsköpun í íþrótt- og frístundastarfi eru skólahljómsveitir. Það kann kannski einhverjum að finnast það undarlegt að kalla það nýsköpun, en mér finnst það allavega athyglivert að þar fer fram gríðarlega vandað tónlistarnám, bæði samspil og einkakennsla fyrir aðeins brot af því sem að kostar til dæmis að hafa barn í fiðlunámi eða einkanámi í píanói. Og sannast sagna og ég man að ég hafði það að orði í umræðunni hér í fjárhagsáætlun, sannast sagna fannst mér að þar hefði borgin átt að bæta í. Við vitum það að við þurfum að draga saman í málaflokknum í heild, en ef við viljum að fleiri geti fengið tónlistarmenntun fyrir þá peninga sem við höfum úr að spila, þá hefði verið lag að auka við framlög til skólahljómsveita borgarinnar. En til þess að gera borgarfulltrúum ljóst samanburðinn á þessu, þá er hægt að fá önnina í skólahljómsveitum, í vönduðu tónlistarnámi í skólahljómsveit fyrir 15 þús. kr. á sama tíma og fiðlunám kostar víða um 60 þús. kr., á þessu er gríðarlegur munur. Og ég mundi vilja leggja það inn í þann hóp sem vonandi tekur til starfa um þetta verkefni sem tillagan fjallar um, að það verði skoðað hvernig skólahljómsveitirnar eru að gera þetta og hvað megi læra af því.

Þótt auðvitað hefðum við í Samfylkingunni viljað sjá þessa vinnu fara af stað strax haustið 2008 þegar að allt hrundi og við gerðum okkur ljóst að það þyrfti hugmyndaauðgi til þess að búa til betra líf fyrir minni pening en við áttum síðasta ár, þá er auðvitað seint betra en aldrei. Og ég vona að þessi tillaga verði samþykkt. Að það verði þegar hafist handa í samvinnu við íþróttafélög, tónlistarskóla og aðra frístundaaðila að skoða samninga við borgina um að skapa hér betra líf á næsta ári úr því sem við höfum.

Bstj. 16. febrúar 2010

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímannsdóttir.

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttta, listnáms og frístunda barna og unglunga**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú byrja á að taka undir mikilvægi þess að við vinnum sameiginlega og aukum samstarf eins og við frekast getum í þessum málafllokki og hugum að því að tryggja það að börn stundi hér íþróttir og tólmstundir eins og frekast er kostur. Í þessu sambandi langar mig aðeins að fara yfir það sem að við erum að gera og erum að vinna að í borginni. Því að auðvitað erum við öll með hugann við þetta, ég held að það sé alveg óhætt að segja það. Kannski getum við hreyft okkur hraðar, en við erum allavega öll af vilja gerð og erum að gera eins og við getum. Ég held að það sé mjög gott að þessari tillögu verði vísað til ÍTR til frekari vinnslu þar og ekki síst til þess að samhæfa aðgerðir og tengja þetta því sem við erum að gera.

Það er ýmislegt búið að koma fram hér í máli þeirra sem á undan mér hafa talað og meðal annars fór borgarfulltrúi Óskar Bergsson ágætlega yfir það hvernig frístundakortið er að nýtast og það er alveg ljóst að það er sem betur fer aukning í notkun þess í flestum aldurshópum. Við getum þó haft verulegar áhyggjur af aldurshópnum 16-18 ára þar sem að nýtingin þyrfti að vera miklu mun meiri og ekki síst út frá nýjum rannsóknum sem komið hafa fram varðandi börn sem eru utan framhaldsskóla og þeirra líðan og hagir hvernig þeir eru. En auk þess þurfum við klárlega og erum og verðum að horfa til þess að okkar verst staddi hópur, það eru teikn á lofti um það að hann sé að nýta frístundakortið hvað verst. Og þetta erum við að kortleggja og það er verið að fara yfir nákvæmlega þessa greinargerð sem að við höfum nú í höndum og athugun á því hvernig verið er að nota kortið og á velferðarsviði er virkilega verið að skoða þessi mál.

Við erum síðan í aðgerðarhópi barna að fara yfir það hvernig við viljum tileinka árið velferð barna og munum koma fram með hugmyndir um hvernig við getum sérstaklega hugað að okkar verst stadda hópi og velferð þeirra barna sem hér eiga undir högg að sækja, og við þurfum svo virkilega að huga að núna á þessum tímum. Því að rannsóknir segja okkur og það er einmitt og hefur oft komið fram að áhyggjur Finna og þeirra sem hafa farið í gegnum efnahagslægð eða kreppu af því tagi sem við erum að fara hér í gegnum, að þar er það verst staddi hópurinn sem að verður verst úti og við þurfum sérstaklega að huga að honum. Þetta erum

Bstj. 16. febrúar 2010

við að gera og sviðsstjórnir okkar mættu á fund okkar í aðgerðarhópunum núna á síðasta fundi okkar, þar sem að þeir voru með ýmsar hugmyndir um það hvernig við gætum hugað að velferð barna á þessu ári núna. Og við erum að hittast aftur í næstu viku og erum að fara yfir þessar hugmyndir, við erum að skoða hvernig við mætum þessum hópi og eins og ég segi ekki síst þeim hópi sem verst er staddur. Og þar verður einmitt gott að fá inn svona upplýsingar um það nánar hvernig svona kortlagning á því hvernig frístundakortið er að virka, hvernig hún kemur fram.

En það er einmitt í því sambandi þá skiptir líka máli að við erum búin að vera núna og velferðarsvið búið að vera að leggja sig fram um það að kynna fyrir foreldrum og fyrir þeim sem að eiga þennan svokallaða rétt á heimildargreiðslum með börnum. Það eru þeir sem að eru með lægstu launin og eru bara á og við grunnframfærslu borgarinnar. Þeir eiga svokallaðan rétt á heimildargreiðslum með börnum sínum og það var farið í átak núna í októbermánuði að kynna þetta í öllum skólum, öllum íþróttafélögum og meðal þeirra sem verst eru staddir að þessi réttur er til staðar og þarna er greiðsla í rauninni með hverju barni, mánaðarleg greiðsla, sem getur svo sannarlega hjálpað þegar að kemur að frístundum, tómsundum, mat í skólum eða hvað það nú heitir sem að þarf sérstaklega að huga að.

Og þessi kynning hefur haft áhrif, það hefur orðið veruleg aukning á því að börn/fjölskyldur séu að nýta sér þessar heimildargreiðslur og séu að fá aðstoð með þessum hætti en betur má ef duga skal og við þurfum að halda áfram að kynna þetta, því að enn eru alltof mörg börn sem ekki fá þessar greiðslur eða alltof margar fjölskyldur sem að ekki eru að njóta þessarar aðstoðar með börnum sínum og að því erum við að vinna áfram.

Samráðshópar eru í gangi í hverfum borgarinnar og ég held að það sé einmitt vettvangurinn til þess að vinna þetta samráð áfram og gera enn betur í því. Það eru frístundarráðgjafar á þjónustumiðstöðum sem hafa verið að hitta íþróttafulltrúana og fara yfir hvernig hægt er að vinna að málum áfram og huga að því að ekki verði brottfall í íþróttafélögunum á þessum tímum. En það þarf líka að skoða varðandi tónlistarskólana og annað frístundastarf, að það sé ekki að verða brottfall hreinlega vegna þess að fólk geti ekki leyft börnum sínum að taka þátt.

Bstj. 16. febrúar 2010

En aðeins að lokum varðandi strætókerfið. Þá er auðvitað jákvætt hvernig farið var í að skoða það með hvaða hætti væri hægt að mæta þörfinni til dæmis í Grafarvoginum með frístundastrætó eða að nýta leiðakerfið betur þar. Og það sama er verið að gera í fleiri hverfum og stendur til núna að útfæra þetta í öllum hverfum borgarinnar, að það séu hverfisbúarnir sem að fari yfir leiðakerfið, komi með tillögur að því hvar þurfi að bæta í og hvar megi stoppa, hvernig leiðin gæti farið öðruvísi í gegnum hverfið til þess að nýtast fleirum og svo framvegis. Og með þessum hætti að þróa leiðakerfið í átt til þess að það nýtist enn betur heldur en það gerir í dag.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttá, listnáms og frístunda barna og unglunga**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Hér er verið að fjalla um mjög þýðingarmikil og góð mál sem ég hef lengi látið mig varða, flutt fjölda tillagna sem varða einmitt þessi mál, lægri gjaldskrár fyrir börn og unglunga, niðurfellingu strætófargjalda og þannig mætti lengi telja. En þrátt fyrir fögur fyrirheit og langar ræður þá hefur Samfylkingin aldrei borið gæfu til að styðja eina einustu af þessum tillögum. Mér finnst alltaf þínlegt að hlusta á tal um hverfaskutlið í ljósi þess að tillögur F-listans um ókeypis strætó í hverfum borgarinnar og um niðurfellingu á gjaldskrá strætó yfirleitt og stóreflingu almennasamgangna hafa aldrei hlotið hljómgrunn hjá fjórflokksnum.

Ég tek það fram að ágætir borgarfulltrúar eins og Dofri Hermannsson bera ekki ábyrgð á þessu, þeir hafa ekki haft tækifæri til þess, Samfylkingarinnar vegna, að vera í þeirri stöðu að samþykkja eða fella mínar tillögur, meðal annars vegna þess að þátttakendur í prófkjöri Samfylkingar báru ekki skynbragð á hæfileika Dofra sem ég ef fyrir löngu gert, settu hann aðeins í 6. sætið, vonlaust sæti hjá Samfylkingunni. En ég ætla að vera stuttur og gagnorður um þessa tillögu af því að mér flaug í hug örlítil samsetning á nokkrum orðum hér þegar ég las þessa tillögu, hún er langorð og segir lítið í löngu máli. Það finnst mér einkenna mjög málflutning fjórflokksins hér og ekki síst Samfylkingarinnar. Þannig að ég legg, með leyfi forseta, fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi þeirrar staðreyndar að Samfylkingin ásamt öðrum fjórflokkum hefur margfellt tillögur mínar um lægri gjaldskrár eða niðurfellingu gjaldskrár fyrir börn og unglunga meðal annars vegna strætó, þá sit ég hjá og segi:

Málfundaæfinga Morfísfroða  
malað út í eitt  
glamuryrði gjarnan hnoða  
en gera ekki neitt.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir því að taka til máls.

## 2. mál **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttá, listnáms og frístunda barna og unglunga**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil fyrst þakka þann áhuga sem þessu máli og áherslum er sýndur með þátttöku fjölmargra borgarfulltrúa í umræðunni. Miðað við umfang ræðumennskunnar og fjölda orða að þá veur það samt athygli hversu mjög áherslan er lögð á þann þátt í tillögunni sem lýtur að starfsemi íþróttafélaga, en til dæmis ekki listaskóla, skólahljómsveita sem borgarfulltrúi Dofri Hermannsson vék að eða aðra þætti í æskulýðsstarfi eða uppbyggilegu frístundastarfi, vegna þess að þessir aðilar verða líka að vera með í ráðum. Niðurskurðurinn hjá tónlistarskólunum er til dæmis mjög tilfinnanlegur og mjög mikill, bæði í ár og á síðasta ári og þess vegna á þessi umræða ekkert síður erindi við þá. Þess vegna líkt og við umræðu um fjárhagsáætlun er ég hugsí yfir því hvort að það sé nægilegan skynsamleg ráðstöfun að tillagan fari bara til umfjöllunar innan ÍTR eins og einfaldlega sé um útfærslu á frístundakortinu sé að ræða, en svo er ekki.

Frístundakortið kemur til móts við gjalddöku vegna frístundastarfs og listnáms, en hér er ekki bara verið að ræða um það. Hér er verið að tala um hina ytri umgjörð aðra kostnaðarliði sem koma til skoðunar og eru ekkert síður ofarlega í huga fjölskyldna og aðstandenda barna sem að vilja tryggja þátttöku þeirra. Þannig að ef meirihlutanum finnst hann þurfi einhvern frekari tíma til þess að íhuga það hvort að þetta sé góð hugmynd og ætlar þess vegna að vísa þessu sem og öðru sinni til íþróttá- og tómstundaráðs, að þá mundi ég telja eðlilegt að þetta fari jafnframt til umfjöllunar í menntaráði. En í raun væri miklu nær að samþykkja tillöguna og ganga til verka.

En fyrst að hér var spurt að því hvort að reynslan kenndi að góðar og gildar tillögur minnihlutans, hvort að nægði að flytja þær einu sinni og bíða síðan eftir því að hinn starfsami meirihluti kæmi þeim til verka, þá má nú bara minna á það að í öllum hverfisráðunum haustið 2006 var lagt til að lagst yrði yfir það hvernig væri hægt að útrýma skutli innan viðkomandi hverfis í samráði við alla sem að þyrftu að koma að því máli. Þessi tillaga hefur vissulega verið endurflutt hér oft, en samt er kjörtímabilið liðið það er í raun farið í vaskinn að þessu leyti, vegna þess að þó að menn hafi þessi stundum flóknu verkefni sem að þarf marga til þess

Bstj. 16. febrúar 2010

að leysa og jafnvel mismunandi lausnir eftir hverfum að þá hefur mönnum ekkert enst erindið.

Sama má segja um lykiláherslur í atvinnumálum, en það eru einar 10 tillögur sem Samfylkingin hefur flutt og hefur verið vísað út og austur í atvinnumálum frá hruni án þess að meirihlutinn hafi brugðist við öðru en með nokkuð fjálglegum og fögrum orðum. Og sömu sögu er að segja af tillögugerð í húsnæðismálum. Þannig að ef ég reyni að ramma inn reynsluna af þessu kjörtímabili þegar tillögur minnihlutans eru annars vegar, þá er það vissulega rétt sem hér er sagt að frumkvæði að mjög mörgum málum hefur vissulega komið frá minnihlutunum, en það hefur þurft að fylgja því afar fast eftir til þess að þessi mál komist til framkvæmda. Og því miður þrátt fyrir ágætan áhuga og góðar ræður að minnsta kosti á löngum köflum að þá held ég að í ljósi reynslunnar að minnihlutinn verði að fylgja þessum málum fast eftir, bæði á vettvangi íþrótta- og tómsundaráðs en ekki síður menntaráðs og hér á vettvangi borgarstjórnar til þess að tryggja að orðum fylgi efndir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er tillaga um að vísa þessu máli til ÍTR. Þeir sem að samþykkja það gefi merki. [Forseti hringir bjöllu]. Já, það kom fram beiðni hér frá borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að þessu yrði vísað til menntaráðs og að sjálfsögðu verður orðið við þeirri hófsömu beiðni og tillagan er því að þessu máli verði vísað til ÍTR og menntaráðs. Þeir sem samþykkja það gefi merki. Þeir sem samþykkja að vísa tillögunni til ÍTR og menntaráðs. Er einhver á móti. Hún er samþykkt með 14 greiddum atkvæðum og einni hjásetu.

Þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er; umræða um styrki til stjórnmalaflokka frá Reykjavíkurborg að beiðni Ólafs F. Magnússonar. Og til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.